

Nefndasvið Alþingis
B.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 2006

Varðar: Athugasemdir vegna frumvarps til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Mál nr. 328

- I. Athugasemdir eru gerðar við orðalag og efni 1. mgr. 11. gr. frv. þ.e. að gerðarbeiðanda sé ætlað að leggja fram tryggingu fyrir „**kostnaði við meðferð málsins**“ hjá sýslumanni. Í 2. mgr. kemur fram að sýslumanni sé ætlað að sundurgreina fjárhæð tryggingarinnar eftir því hvort um er að ræða kostnað sýslumanns við meðferð málsins eða tryggingu fyrir greiðslu skaðabóta vegna hugsanlegs tjóns gerðarþola af aðgerðum sýslumanns.

Í greinargerð með 11. gr. frv. (bls. 25 í frv.) er vísað til 3. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins. Í greinargerð er ennfremur áréttað að tryggingin taki annars vegar til kostnaðar við meðferð málsins hjá sýslumanni og hins vegar til hugsanlegra skaðabóta sem gerðarþoli kann að öðlast rétt til vegna framkominnar beiðni og meðferðar hennar.

TRIPS-samningurinn er birtur sem fylgiskjal I með frv. og á bls. 49 er tilvitnað ákvæði. Þar er hins vegar einungis getið um tryggingu til að vernda gerðarþola og til að koma í veg fyrir misnotkun en ekki er getið um tryggingu fyrir kostnaði við meðferð málsins hjá yfirvöldum.

Í almennum athugasemdum III á bls. 8 í frv. er fjallað um 50. gr. TRIPS-samningsins. Þar segir að dómstólar skuli hafa heimild til að krefja rétthafa um tryggingu til hagsbóta fyrir gagnaðila og til að koma í veg fyrir misnotkun. Þar er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að krefja gerðarbeiðanda um tryggingu fyrir kostnaði við meðferð málsins hjá yfirvöldum (í þessu tilviki sýslumanni).

Ekki er gerð athugasemd við það að gerðarbeiðanda verði gert skylt að setja tryggingu fyrir hugsanlegum skaðabótum sem gerðarþoli kann að eiga kröfu á vegna beiðni sem lögð hefur verið fram hjá sýslumanni og eftirfarandi meðferðar hennar eins og ráðgert er í 11. gr. frv. enda er slíkt ákvæði t.d. í samræmi við 3. mgr. 8. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990.

Hingað til hefur það hins vegar ekki tíðkast að þeir sem þurfa að leita aðstoðar dómstóla eða sýslumanna eigi að bera kostnað af rekstri mála hjá embættunum, hvað þá að þurfa að leggja fram tryggingu fyrir þeim kostnaði. Stefnandi máls í málum þar sem þörf er á sérfróðum meðdómendum í héraðsdómi greiðir t.d. aðeins lögbundið þingfestingargjald skv. 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs sem nú er kr. 3.900,-.

Eins og 1. mgr. 11. gr. frv. er orðuð vekur hún margar spurningar og þá helst hvers vegna þarf að leggja fram tryggingu fyrir kostnaði við meðferð þessa tiltekna málaflokks hjá sýslumanni þegar ekki þarf að greiða sambærilegan kostnað við meðferð mála eins og vegna kyrrsetningarmála, lögbannsmála og beiðna um fjárnám og nauðungarsölu? Í þessum málum nægir að gerðarbeiðendur greiði tiltekið gjald fyrir beiðni sem lögð er fram hjá sýslumönnum. Í þessu sambandi er vísað til 1. og 2. kafla laga nr. 88/1991.

- II. Í 3. mgr. 12. gr. frv. er gert ráð fyrir því að sýslumaður geti fengið aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga til að annast leit eða afmarkaða þætti hennar sem sérfræðipækkingu þarf til. Sýslumaður ákveður þóknun þeirra sérfræðinga sem hann kveður til verksins. Í 16. gr. frv. er gert ráð fyrir því að gerðarbeiðandi greiði „allan kostnað sem fellur til við öflun sönnunargagna“. Ef ákvæði 1. mgr. 11. gr. um tryggingu fyrir kostnaði við meðferð málsins hjá sýslumanni er aðeins ætlað að ná til útlagðs kostnaðar við öflun sönnunargagna verður lagatextinn að vera nákvæmari. Óbreytt orðalag 1. mgr. 11. gr. um framlagningu tryggingar vegna kostnaðar við meðferð málsins hjá sýslumanni vekur þá spurningu hvort verið sé að skerða aðgang almennings að réttarkerfinu.

Sambærilegt ákvæði í dönsku réttarfarslögunum (§ 653.b. 5. mgr.) þar sem fjallað er um tryggingu sem gerðarbeiðanda er ætlað að setja er t.d. þannig:

Stk. 5. Udgifter ved sagkyndig bistand og opbevaring af beslaglagte genstande m.v. samt andre særlige udgifter ved forretningens gennemførelse afholdes foreløbig af rekvirenten. 2637) Fogedretten kan bestemme, at rekvirenten skal stille sikkerhed for udgifternes betaling. 2638)

Hér er skýrt kveðið á að um er að ræða útgjöld eða útlagðan kostnað við öflun sönnunargagna. Einnig er ljóst að kostnaðurinn greiðist af gerðarbeiðanda til bráðabirgða eða „... foreløbig af rekvirenten“ sem gefur tilefni til að ætla að hann geti síðar krafist gerðarþola um þennan kostnað reynist hann hafa gerst brotlegur við hugverkarétt gerðarbeiðanda.

- III. Hugsanlega er ekki þörf á að hafa sérstakt ákvæði í lögum um tryggingu fyrir kostnaði við meðferð málsins hjá sýslumanni.

7. gr. laga nr. 88/1991 hljóðar svo:

Víð framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast

aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.

2. Útlagðan kostnað úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan umdæmis hans.

3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.

4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

Hugsanlega mætti bæta við eftirfarandi orðum í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/1991:

Við framkvæmd . . . nauðungarsölu, skipti dánarbúa **og öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum** fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna . . . “

Þá gæti sýslumaður við meðferð málsins kafið gerðarbeiðanda um greiðslu vegna kostnaðar embættisins til handa öðrum en starfsmönnum sínum sem hann kveður til að leysa af hendi tiltekin störf vegna öflunar sönnunargagna eins og ráðgert er í frumvarpinu. Slík heimild er í 3. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/1991. Sýslumaður getur krafist fyrirframgreiðslu á slíkum kostnaði skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 88/1991. Síðan yrði að taka gjald fyrir að taka á móti beiðni frá gerðarbeiðanda sem gæti verið svipað því sem nú er tekið fyrir lögbannsgerð sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1991. Ekki verður annað séð en að framkvæmd lögbannsgerða og kyrrsetningargerða hafi hingað til tekist þó farið hafi verið eftir ofangreindum lagaákvæðum um greiðslu kostnaðar við aðgerðir af hálfu sýslumanna. Þá mætti sleppa þeim þætti úr frumvarpinu þar sem fjallað er um tryggingu fyrir meðferð málsins hjá sýslumanni.

- IV. Ef ekki er unnt að fella út textann um framlagningu tryggingar fyrir kostnaði við meðferð málsins og samræma aðgerðir sýslumanns skv. frv. við t.d. aðgerðir hans vegna framkvæmd kyrrsetningar og lögbanns er ástæða til að breyta 1. mgr. 11. gr. frv. Hafi ætlunin aðeins verið sú (með ákvæði 1. mgr. 11. gr. frv.) að gerðarbeiðandi eigi að setja tryggingu vegna útlagðs kostnaðar við meðferð málsins hjá sýslumanni (t.d. vegna þess að nauðsyn ber að kveðja til sérfræðinga til að afla sönnunargagna) verður að orða 1. mgr. 11. gr. frv. á nákvæmari hátt.

Tillaga að breyttum texta er:

11. gr.


Áður verður sönnunargagna er aflað er sýslumanni rétt að setja það skilyrði að gerðarbeiðandi setji tiltekna tryggingu fyrir **útlögðum kostnaði sýslumanns sbr. 3. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna** við meðferð málsins og fyrir greiðslu skaðabóta sem gerðarþoli kynni að öðlast rétt til vegna beiðinnar og meðferðar hennar.

Fjárhæð tryggingar skal sundurgreind eftir því hvort um er að ræða tryggingu fyrir **útlögðum** kostnaði sýslumanns við meðferð málsins eða hugsanlegt tjón sem beiðni og meðferð hennar kann að valda gerðarpóla.

- V. Ef lagatexta frumvarpsins verður breytt mætti einnig gera 1. mgr. 16. gr. skýrari, taka af öll tvímæli og bæta við orðunum „Gerðarbeiðandi . . . allan **útlagðan** kostnað sem fellur til ...“.

Virðingarfyllst,

F.h. Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa


Valborg Kjartansdóttir hdl.